

GJALDSKRÁ

fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari sem nemur kr. 9.500 fyrir sérfræðing og kr. 5.800 fyrir fagritara á hverja klukkustund fyrir verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir.

2. gr.

Ferðakostnaður.

Umhverfisstofnun innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins.

3. gr.

Innheimta.

Eindagi gjalda skv. gjaldskrá þessari er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

II. KAFLI

Leyfisveitingar o.fl.

4. gr.

Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa af fyrirtækjum sem stunda atvinnurekstur sem talinn er upp í fylgiskjali 1 og I. viðauka með reglugerð, nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa fyrir móttökustöð úrgangs skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Gjald fyrir vinnslu nýs starfsleyfis er tvíþætt:

A. Kostnaður við móttöku, grunnvinnu við gerð starfsleyfisdraga, auglýsingar og útgáfu er sem hér segir:

Eftirlitsflokkur	Upphæð kr.
1. flokkur	508.000
2. flokkur	416.000
3. flokkur	174.000
4. flokkur	100.000
5. flokkur	100.000

B. Reikningur fyrir fastagjaldi skal gefinn út við móttöku umsóknar.

C. Fyrir frekari vinnu við gerð starfsleyfistillagna, vinnslu og afgreiðslu innsendra athugasemda og fyrir kynningu, þ.m.t. borgarafund um kynningu á starfsleyfistillögum, skal greiða tímagjald samkvæmt 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út áður en starfsleyfi er gefið út.

Fyrir endurskoðun og breytingu á starfsleyfi samkvæmt IX. kafla reglugerðar, nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og fyrir breytingu og endurskoðun á starfsleyfi samkvæmt 4. og 5. mgr. 5. gr. laga, nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs skal greiða tímagjald samkvæmt 1. gr. gjaldskrárinnar vegna vinnu sérfræðinga og fyrir ferðir skv. 2. gr.

ásamt útlögðum kostnaði m.a. við auglýsingar. Reikningur skal gefinn út þegar drög að starfsleyfi liggja fyrir.

Fyrir breytingu á handhafa starfsleyfis skv. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999, skal innheimta gjald.

Gjaldið skal vera kr. 21.000.

5. gr.

Starfsréttindaleyfi fyrir garðaúðun og eyðingu meindýra.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði við útgáfu starfsréttindaleyfa fyrir þá sem starfa við garðaúðun í atvinnuskyni í samræmi við reglugerð, nr. 238/1994, um garðaúðun, og fyrir þá sem vinna við eyðingu meindýra í samræmi við reglugerð nr. 149/1989 um meindýraeyða, sbr. 6. mgr. 23. gr. laga, nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Gjaldið skal vera:

	Upphæð kr.
Gjald fyrir starfsréttindi sem veitt er í:	
a. Fyrsta skipti	33.000
b. Gjald fyrir endurnýjun leyfisskírteina	14.000

Reikningur skal gefinn út við móttöku umsóknar.

Hafi útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar drög að starfsréttindaleyfi liggja fyrir.

6. gr.

Leyfi fyrir notkun erfðabreyttra lífvera.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu umsóknar um leyfi fyrir afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera skv. 8. gr. reglugerðar, nr. 275/2002 og afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera annarra en örvera skv. 8. gr. reglugerðar, nr. 276/2002. Innheimta skal gjald sem nemur kr. 43.000. Reikningur skal gefin út við móttöku umsóknar.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu umsóknar um leyfi fyrir sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera skv. 5. og 19. gr. reglugerðar, nr. 493/1997. Umsóknaraðili greiðir tímagjald skv. 1. gr. og ferðakostnað skv. 2. gr. vegna vinnslu umsóknar um leyfi fyrir sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu.

Hafi útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

7. gr.

Gjald vegna útgáfu leyfis til að halda dýr í atvinnuskyni.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir útgáfu leyfa til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tanningar, geymslu, snyrtingar og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald skv. 12. gr. laga, nr. 15/1994, um dýravernd með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera:

	Upphæð kr.
a. Leyfi til dýrasýninga og dýrahappdrættis	10.000
b. Önnur leyfi vegna dýrahalds í atvinnuskyni	56.000
c. Endurnýjun annarra leyfa vegna dýrahalds í atvinnuskyni en leyfa til dýrasýninga og dýrahappdrættis	37.000

Reikningur skal gefinn út við móttöku umsóknar.

Hafi útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

8. gr.

Leyfisveitingar vegna markaðssetningar sæfiefna.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna umsókna um markaðsleyfi fyrir sæfiefni skv. 6. mgr. 23. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 1.820.000 fyrir markaðsleyfi fyrir sæfiefni þar sem Ísland er fyrsta land á EES-svæðinu, þar sem sótt er um markaðsleyfi. Aukagjald fyrir sæfiefni sem inniheldur fleiri en eitt virkt efni er kr. 456.000 fyrir hvert virkt efni.
- b. kr. 456.000 fyrir gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi fyrir sæfiefni sem veitt hefur verið í öðru landi en Íslandi, á EES-svæðinu.
- c. kr. 456.000 fyrir einfaldað markaðsleyfi fyrir sæfiefni sem inniheldur áhættulítið virkt efni.
- d. kr. 284.000 fyrir gagnkvæma viðurkenningu á einfölduðu markaðsleyfi.
- e. kr. 284.000 fyrir markaðsleyfi fyrir sæfiefni þar sem vísað er til rannmasæfiefnis, sbr 11. gr. reglugerðar nr. 1101/2004 um markaðssetningu sæfiefna.
- f. kr. 284.000 fyrir skilgreiningu á rannmasæfiefni sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 1101/2004 um markaðssetningu sæfiefna.
- g. kr. 53.000 fyrir markaðsleyfi fyrir sæfiefni sem hefur nákvæmlega sömu auðkenni og sæfiefni sem þegar hefur fengið markaðsleyfi hér á landi.
- h. kr. 53.000 fyrir tímabundna undanþágu (120 dagar) frá markaðsleyfi fyrir sæfiefni.
- i. kr. 53.000 fyrir undanþágu frá markaðsleyfi fyrir sæfiefni, þar sem nota á sæfiefnið til rannsókna og þróunarvinnu.
- j. kr. 7.500 fyrir hverja breytingu í gildandi markaðsleyfi fyrir sæfiefni.

Reikningur skal gefinn út þegar öll gögn hafa borist skv. reglugerð 1101/2004 um markaðssetningu sæfiefna. Leyfi eru ekki veitt fyrr en fullnaðargreiðsla hefur borist.

Hafi umsókn um markaðsleyfi fyrir sæfiefni í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. sem og útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að útgáfa á markaðsleyfi fyrir sæfiefni hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu eins fljótt og auðið er. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu markaðsleyfis fyrir sæfiefni liggur fyrir.

Sömuleiðis getur Umhverfisstofnun endurgreitt umsækjanda um markaðsleyfi fyrir sæfiefni ef í ljós kemur að vinna við umsókn tekur mun skemmri tíma og er ódýrari en gjald skv. 2. mgr. gefur til kynna. Endurgreiðsla getur þó aldrei numið meira en 75% af gjaldi skv. 2. mgr.

9. gr.

Flutningur úrgangs milli landa.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir samþykki tilkynningar fyrir innflutning, útflutning og umflutning úrgangs skv. 16. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Gjaldið er kr. 76.000.

Reikningur skal gefinn út við móttöku tilkynningar.

Hafi samþykki tilkynningar fyrir innflutning, útflutning og umflutning úrgangs í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að samþykki tilkynningar hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu gagnkvæmrar viðurkenningar liggur fyrir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir eftirlit með flutningi úrgangs milli landa skv. 16. gr. laga nr. 55/2003. Innheimta skal tímagjald skv. 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. svo og útlagðan kostnað.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir sýnatöku við eftirlit með flutningi úrgangs milli landa skv. 16. gr. laga nr. 55/2003.

Gjaldið er kr. 12.000 fyrir hvert sýni.

Umhverfisstofnun innheimtir auk þess útlagðan kostnað fyrir greiningu hvers sýnis. Reikningur fyrir eftirlit og sýnatöku skal gefinn út þegar niðurstaða eftirlits og sýnatöku liggur fyrir.

10. gr.

Yfirferð skýrslna um losun koldíoxíðs.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir yfirferð yfir skýrslu um losun koldíoxíðs skv. 5. mgr. 13. gr. laga nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda.

Gjaldið er kr. 209.000.

Reikningur skal gefinn út við móttöku skýrslunnar.

Hafi yfirferð skýrslu um losun koldíoxíðs í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að yfirferðin hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar yfirferð skýrslunnar er lokið.

III. KAFLI

Eftirlit.

11. gr.

Gjald fyrir mengunarvarnaeftirlit með starfsleyfisskyldri starfsemi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald af fyrirtækjum sem stofnunin hefur eftirlit með skv. 12. og 13. gr. reglugerðar, nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit og stunda atvinnurekstur sem talinn er upp í fylgiskjali nr. 1 og viðauka I með reglugerðinni, að undanskildum atvinnurekstri samkvæmt liðum 6.4, 6.5 og 6.6 í viðaukanum. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir eftirlit með móttöku-stöðvum úrgangs skv. 1. mgr. 37. gr. laga, nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Vegna reglubundins eftirlits, skv. 2. mgr. 12. gr. í reglugerð, nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit og eftirlit sem nánar er kveðið á um í starfsleyfi fyrirtækis, skal innheimta gjald sem hér segir:

Eftirlitsflokkur	Upphæð kr.
1. flokkur	454.000
2. flokkur	280.000
3. flokkur	190.000
4. flokkur	127.000
5. flokkur	127.000

Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Vegna reglubundinna eftirlitsmælinga, skv. 2. mgr. 12. gr. í reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit og því sem nánar er kveðið á um í starfsleyfi fyrirtækis, skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. svo og útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Vegna eftirlits skv. 5. mgr. 12. gr. í reglugerð, nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. svo og útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Beiti Umhverfisstofnun heimild skv. 6. mgr. 12. gr. reglugerðar, nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit til að draga úr reglubundnu eftirliti hjá atvinnurekanda skal viðkomandi atvinnu-starfsemi færast til í eftirlitsflokk skv. ákvörðun stofnunarinnar í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar eða lækkun á gjaldi sem nemur minna eftirliti.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, IX. kafla laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur og 38. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun um beitingu þvingunarúrræðis liggur fyrir.

12. gr.

Sérstakt eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum framkvæmdum.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald, skv. sérstöku samkomulagi við framkvæmdaraðila, vegna kostnaðar stofnunarinnar við sérstakt eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum framkvæmdum, skv. 2.

mgr. 7. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd að teknu tilliti til innra eftirlits framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili greiðir tímagjald skv. 1. gr. og ferðakostnað skv. 2. gr. auk annars útlagðs kostnaðar við eftirlitið. Um útgáfu reikninga meðan á hinu sérstaka eftirliti stendur fer skv. samkomulagi aðila.

13. gr.

Eftirlit með starfsemi með erfðabreyttar lífverur.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna eftirlits með starfsemi samkvæmt lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur og reglugerðum settum með stoð í þeim skv. 26. gr. laga nr. 18/1996.

Gjaldið er kr. 139.000.

Hafi eftirlit í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. Ef í ljós kemur að eftirlitið hefur í för með sér umframvinnu skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Þegar um umfangsminni starfsemi er að ræða svo sem afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera á rannsóknarstofum þar sem starfsemi hefur verið óbreytt lengur en 1 ár er einnig heimilt að miða eftirlitsgjald við tímagjald sbr. ofangreint.

Umhverfisstofnun getur endurgreitt rekstraraðila ef í ljós kemur að vinna við eftirlitið tekur mun skemmri tíma og er ódýrari en gjald skv. 1. mgr. gefur til kynna. Endurgreiðsla getur þó aldrei verið hærri en sem nemur 50% af gjaldi skv. 1. mgr.

IV. KAFLI

Hæfnispróf og námskeið.

14. gr.

Hæfnispróf og veiðinámskeið fyrir veiðimenn.

Umhverfisstofnun heldur hæfnispróf fyrir veiðimenn og veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófa á fyrirfram auglýstum tíma skv. 11. gr. laga, nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Stofnunin innheimtir gjald vegna hæfnisprófa og námskeiða, sbr. 4. mgr. 11. gr. laganna, í samræmi við eftirfarandi:

	Upphæð kr.
a. Prófgjald fyrir hæfnispróf á auglýstum próftíma	6.000
b. Prófgjald fyrir hæfnispróf utan auglýstra próftíma að óskum viðkomandi einstaklings (einkapróf)	8.000
c. Veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófi og hæfnispróf	11.000

Greiða skal gjald vegna hæfnisprófa eða námskeiða áður en námskeið er setið eða próf þreytt.

15. gr.

Hæfnispróf og námskeið í landvörslu.

Umhverfisstofnun heldur hæfnispróf og námskeið í landvörslu í samræmi við 3. mgr. 29. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna hæfnisprófa og námskeiða til landvörslu, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.

Gjaldið er kr. 120.000.

Greiða skal gjald vegna hæfnisprófa eða námskeiða áður en námskeið er setið.

V. KAFLI

Leyfisveitingar vegna CITES.

16. gr.

Innflutningsleyfi vegna CITES.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um leyfi til innflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. og II. viðauka samningsins sbr. 4. gr. reglugerðar, nr. 993/2004, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldið er kr. 12.000.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

17. gr.

Útflutningsleyfi vegna CITES.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um leyfi til útflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. til III. viðauka samningsins sbr. 4. gr. reglugerðar, nr. 993/2004 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldið er kr. 12.000.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

18. gr.

Endurútflutningsleyfi vegna CITES.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um leyfi til endurútflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. til III. viðauka samningsins sbr. 4. gr. reglugerðar, nr. 993/2004, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldið er kr. 12.000.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

19. gr.

Vottorð um aðflutning úr sjó vegna CITES.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði við útgáfu vottorða um aðflutning úr sjó fyrir tiltekinn fjölda eintaka eða magn tegunda sem taldar eru upp í I. til III. viðauka samningsins sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 993/1993, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldið er kr. 12.000.

Sé útgáfa vottorðs umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa vottorðs hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu vottorðs liggur fyrir.

VI. KAFLI

Bráðamengun hafs og stranda.

20. gr.

Eftirlit vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna kostnaðar stofnunarinnar við eftirlit vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun, skv. 2. mgr. 21. gr. laga, nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Mengunarvaldur greiðir tímagjald skv. 1. gr. og ferðakostnað skv. 2. gr. auk annars beins útlagðs kostnaðar við eftirlitið. Um útgáfu reikninga meðan á hinu sérstaka eftirliti stendur fer skv. samkomulagi aðila.

21. gr.

Leiga mengunarvarnabúnaðar.

Umhverfisstofnun krefur mengunarvald um gjald fyrir notkun á mengunarvarnabúnaði ef um er að ræða mengun af völdum olíu, eiturefna eða hættulegra efna eða annarrar atvinnustarfsemi, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Mengunarvaldur skal auk gjalds skv. 1. og 5. mgr. greiða útlagðan kostnað við flutning og notkun mengunarvarnabúnaðar, ásamt yfirferð og hreinsun á búnaðinum ef þörf krefur. Áætla skal kostnað við yfirferð og hreinsun á búnaði og skal mengunarvaldi gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en verk er hafið.

Eyðileggist búnaður við notkun getur Umhverfisstofnun krafist mengunarvald um kostnað við endurnýjun hans að teknu tilliti til ástands búnaðar fyrir notkun, aldurs hans og eðlilegra afskrifta, nema ef skemmdirnar hafa orðið vegna handvammur eða mistaka umsjónarmanns búnaðarins.

Kostnaður við notkun búnaðar annars staðar frá, sem og vinna við beitingu búnaðarins telst beinn útlagður kostnaður og greiðist af mengunarvaldi.

Fyrir leigu á mengunarvarnabúnaði í eigu Umhverfisstofnunar greiðist samkvæmt sundurliðun í eftirfarandi töflu:

Olúflotgirðingar		<i>Leiga pr. einingu kr.</i>		
<i>Tegund</i>	<i>Lengd</i>	<i>Eining</i>	<i>Dagur</i>	<i>klst.</i>
EXPANDY 3000	300	25 m	18.000	2.000
EXPANDY 4300	700	15 m	22.000	2.500
Olúupptökutæki				
<i>Tegund</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Upptaka</i>	<i>Dagur</i>	<i>klst.</i>
Komera	2	12 tn/klst.	110.000	11.000
Foxtail	2	20 tn/klst.	154.000	16.000
<i>Innifalið í leigu:</i>	Orkustöð			
	Tengistykki til að tengja inn á önnur vökvakerfi.			
Annar búnaður				
<i>Tegund</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Eining/lengd</i>	<i>Dagur</i>	<i>klst.</i>
Rafstöðvar	2		6.000	600
Háþrýstidælur	2		6.000	600
Olíubarkar	600	20 m	25.000	2.500

VII. KAFLI

Önnur verkefni.

22. gr.

Áritun innflutningsskjala.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna áritunar innflutningsskjala skv. 6. mgr. 23. gr. laga, nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Gjaldið er kr. 3.000.

Reikningur skal gefinn út við móttöku innflutningsskjals.

Sé vinna við áritun umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að áritun innflutningsskjala hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun liggur fyrir.

23. gr.

Ljósrit eða afrit af skjölum.

Fyrir ljósrit eða afrit af skjölum samkvæmt beiðni á grundvelli upplýsingalaga eða laga um upplýsingar um umhverfismál er heimilt að krefjast kr. 30 fyrir hverja blaðsíðu í stærðinni A4 eða A5. Fyrir ljósrit eða afrit skjala í stærðinni A3 er heimilt að krefjast kr. 60 fyrir hverja blaðsíðu og kr. 60 í stærðinni A2.

Þegar skjal er endurritað samkvæmt beiðni er heimilt að krefjast kr. 150 fyrir hverja blaðsíðu.

Fyrir afrit af öðrum gögnum en skjölum, s.s. myndum, teikningum, örfiljum, myndböndum og hljóðupptökum, má heimta þann kostnað sem af afrituninni leiðir.

Þegar fjölföldunaraðstaða er ekki fyrir hendi eða umfang verks er slíkt er heimilt að fela öðrum að annast ljósritun, afritun eða endurritun skjala eða annarra gagna. Fyrir aðkeypta þjónustu skal greitt samkvæmt reikningi þess er hana annast.

24. gr.

Aðgangseyrir.

Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta aðgangseyri að Vatnshelli í þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

Upphæð aðgangseyris er eftirfarandi:

Aðgangseyrir er kr. 1.000

50% afsláttur fyrir eldri borgara

50% afsláttur fyrir öryrkja

50% afsláttur fyrir námsmenn.

Aðgangseyrir fyrir hópa (10 eða fleiri) er kr. 600 á mann.

Ókeypis fyrir yngri en 18 ára.

Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta aðgangseyri að Surtseyjarstofu.

Upphæð aðgangseyris er eftirfarandi:

Aðgangseyrir er kr. 500

50% afsláttur fyrir eldri borgara

50% afsláttur fyrir öryrkja

50% afsláttur fyrir námsmenn.

Aðgangseyrir fyrir hópa (10 eða fleiri) er kr. 300 á mann.

Ókeypis fyrir yngri en 18 ára.

Umhverfisstofnun er heimilt er að gera samkomulag við önnur söfn eða ferðaþjónustuaðila um sameiginlega sölu í nokkur söfn eða viðburði.

VIII. KAFLI

Gildistaka og lagastoð.

25. gr.

Lagastoð.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, 12. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd, 4. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 21. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 3. mgr. 7. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, 26. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, 16. og 4. mgr. 37. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 2. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, 5. mgr. 13. gr. laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 85/2000 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. júní 2011. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 54/2010 með síðari breytingum.

Umhverfissráðuneytinu, 20. maí 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.